Haukur Valdimarsson
Hveralind 1
210 Kópavogur

København 10. okt. 2026

Sendi hér tilboð í vorferð til Fjóns og Sjálands 30.05. – 03.06.2027 skv. samtali.

Dagur 1: Sun 30. maí 2027

Brottför með Icelandair frá Keflavík til Kaupmannahafnar.

Flug: Icelandair FI208
Brottför frá **Keflavíkurflugvelli (KEF)** kl. **11:00**
Koma til **Kaupmannahafnar (CPH)** kl. **16:10**
Flugtími: um **3 klst. og 10 mín.**

Akstur:
Hópurinn verður sóttur á Kastrupflugvöll og að því loknu verður ekið til Sorø.
Skoðunarferð og stoppað þar í ca. 1 klst.

Sorø Klosterkirke
Heimsókn í hina stórbrotnu klausturkirkju, eina af mikilvægustu miðaldakirkjum Danmerkur. Kirkjan tengist meðal annars **Absalon biskupi**, sem stofnaði cistercian-klaustrið hér árið 1161 og er grafinn í kirkjunni. Sorø Klosterkirke | Sorø Klosterkirke - Akademigrunden 4, 4180 Sorø



Haldið áfram til Svendborg.

Að lokinni stuttri skoðunarferð um Svendborg verður haldið áfram til Hotel Cristiansminde.

Sameiginlegur kvöldverður verður á hótelinu.
Sameiginlegur kvöldverður er innifalinn í verði.

Dagur 2: Mán 31. maí 2027

Tillaga að dagskrá

08:30 – Brottför frá Svendborg

09:15–11:00 – Faaborg
Stutt skoðunarferð um gamla miðbæinn og höfnina

11:20–12:30 – Brahetrolleborg
Heimsókn á svæðið við Brahetrolleborg og rhododendron-garðinn. Kastalinn er í einkaeigu og það þarf að tilkynna komu hópsins tímanlega. Brahetrolleborg Skov og Landbrug

Um 13:15 – Odense

Hádegisverður.

14:15–16:30 – H.C. Andersen safnið
H.C. Andersens Hus

16:45–17:00 – Brottför frá Odense

Um 17:45 – Komið aftur á hótelið í Svendborg

Sameiginlegur kvöldverður innifalinn í verði.

Dagur 3: Þri 1. júní 2027

08:15 – Brottför frá Svendborg
Ekið yfir Stórabeltisbrúna til Sjálands og áfram að víkingaborginni Trelleborg við Slagelse.

10:00–11:30 – Trelleborg – víkingaborg á heimsminjaskrá UNESCO
Trelleborg var reist um árið 980 á valdatíma Haraldar Blátannar og er ein af fimm dönskum hringborgum víkinga sem saman eru á heimsminjaskrá UNESCO. Hér gefst tækifæri til að kynnast skipulagi borgarinnar, víkingatímanum og uppbyggingu danska konungsríkisins.
Trelleborg Vikingeborg | Besøg vikingernes ringborg

11:30 – Ekið til Hróarskeldu

Um 12:45 – Hádegisverður í Hróarskeldu

13:30–15:15 – Víkingaskipasafnið í Hróarskeldu
Heimsókn á hið þekkta Víkingaskipasafn við Hróarskeldufjörð. Þar eru meðal annars fimm upprunaleg víkingaskip frá 11. öld og hægt að fylgjast með hefðbundinni skipasmíði og endurgerðum víkingaskipum. Museum for vikingernes skibe og søfart: Vikingeskibsmuseet

15:30–16:15 – Dómkirkjan í Hróarskeldu
Stutt ganga eða akstur að hinni glæsilegu dómkirkju, sem einnig er á heimsminjaskrá UNESCO. Kirkjan hefur í margar aldir verið grafarkirkja dönsku konungsfjölskyldunnar og þar hvíla fjölmargir konungar og drottningar Danmerkur.
Roskilde Domkirke - verdensarv, kongegrave og sognekirke

16:30 – Brottför frá Hróarskeldu

Um 17:30–18:00 – Komið til Hotel The Square í Kaupmannahöfn

Gisting 2 nætur
Standard dbl. room
Hótelið er 4,5 stjörnu.
Innifalið: Morgunverður



Dagur 3: Mið 02. maí 2027

Að loknum morgunverði veður boðið upp á göngu um Kaupmannahöfn samkvæmd dagskrá að neðan. **Fararstjóri í dag er Ásta Stefánsdóttir.**

10.00
Við hittum Ástu á Ráðhústorginu.
Göngutúr um Íslendingaslóðir í gamla miðaldabænum (2 klst)

12.00
Heimsókn í Jónshús.
Halla Benediktsdóttir, forstöðumaður Jónshúss, tekur á móti og segir frá starfseminni.
Heimsókn á heimili Ingibjargar og Jóns, 3. Hæð. (1 klst)

13.00
Gengið að Ofelia Plads/Nyhavn þar sem farið er um borð í Stromma bát.

13.30-14.30
Siglt um kanala Kaupmannahafnar. Boðið upp á 3 mini smørrebrød og 1 drykk.

Sjá nánar:
Jónshús

Dagur 5: Fim 03. maí 2027

Hópurinn verður sóttur á hótelið kl. 14:00

Flug:
Icelandair FI209
Brottför frá **Kaupmannahöfn (CPH)** kl. **17:15**
Koma til **Keflavíkurflugvallar (KEF)** kl. **18:30**
Flugtími: um 3 klst. og 15 mín.

Fararstjórar:
Haukur Valdimarsson og Bjarni Meyer Einarsson

Verð og greiðsluskilmálar

Verð á mann er **298.000 kr.**, miðað við gistingu í tveggja manna herbergi og **þátttöku 30-34 manns***

Staðfestingargjald að upphæð **59.600** kr. (20% af grunnverði) skal greiðast innan þriggja vikna frá skráningu.

Lokagreiðsla, að upphæð **238.400 kr.**, skal greiðast í síðasta lagi 10 vikum fyrir upphaf ferðar.

**Verð á mann m.v. þátttöku 25-29 manns er kr. 308.000 kr.*
**Verð á mann m.v. þátttöku 35-40 manns er kr. 288.000 kr.*

Innifalið

- ✅ Beint flug með Icelandair frá Keflavíkurflugvelli til Kastrup og til baka
- ✅ Gisting á vel völdum hótelum skv. dagskrá.
  Fyrirvari um framboð á Hotel Square við pöntun
- ✅ Morgunverður alla daga
- ✅ Tveir kvöldverðir á Hotel Christiansminde i Svendborg. Tveggja rétta að vali kokksins.
- ✅ Rútuferðir skv. dagskrá
- ✅ Aðgangur að söfnum og öðrum stöðum skv. dagskrá
- ✅ Dagsferðir skv. skipulagi
- ✅ Skattar og þjónustugjöld

Bestu kveðjur



Bjarni Meyer Einarsson
VIA Travel ApS
Robert Jacobsens Vej 35, 5 mf.
2300 København
Tel: +45 44 111 777

https://www.viatravel.is